



## 5. Fundargerð Notendaráðs fatlaðs fólks í Norðurþingi

8.maí 2024, kl. 08:30. Mættir eru: Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Hermína Hreiðarsdóttir, Einar Víðir Einarsson, Rebekka Ásgeirsdóttir og Karólína Gunnlaugsdóttir.

Júlía Margrét Birgisdóttir boðar forföll.

Sunna Mjöll Bjarnadóttir, starfsmaður félagsþjónustu, ritar fundargerð.

Notendaráð fundar á Akureyri og fær kynningu á þremur stöðum til að auka þekkingu sína á málefnum er varðar ráðið.

### 1. Grófin

*Notendaráð fékk kynningu á starfsemi Grófarinnar. Grófin geðrækt, er gjaldfrálst úrræði fyrir einstaklinga 18 ára og eldri á öllum stigum bataferlisins sem vilja bæta heilsuna með geðrækt og batavinnu gegnum hópastarf á jafningjagrundvelli. Starfað er eftir hugmyndafræði valdeflingar.*

*Notendaráð telur að einstaklingar með geðraskanir og meðferðaraðilar í Norðurþingi vanti þekkingu að þessi þjónusta sé í boði fyrir alla, óháð búsetu.*

*Grófin sagði frá geðfræðslustarfi sínu, en þau fara í alla 9. bekki á Akureyri og nærsveitum með kynningu. Notendaráð hvetur grunnskóla Norðurþings til að fá þessa fræðslu inn í skólana til að fræða ungmenni í sveitarfélaginu um þetta mikilvæga málefni.*

### 2. Skógarlundur

*Notendaráð fékk kynningu á Skógarlund, þar sem fólki með langvarandi stuðningsþarfir er boðin þjónusta í formi virkni og hæfingar, umönnunar og afþreyingar. Unnið er eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar.*

*Notendaráð er sammála um að þarna er unnið flott og skipulagt starf, sem miðað er út frá einstaklingunum sjálfum, og getu hvers og eins.*

*Húsnæðið og lausnirnar í kringum það er til fyrirmyndar og sér ráðið hvað Norðurþing gæti gert meira á þessu sviði ef húsnæðiskostir virkni og hæfingar í sveitarfélaginu væru viðunandi.*

### 3. Klettaborg 43

*Klettaborg 43 er nýlegur íbúðarkjarni þar sem lagt er upp með að íbúarnir séu að öllu leyti í sjálfstæðri búsetu. Unnið er eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar.*

*Deildarstjóri Klettaborgar sagði okkur frá starfinu og húsnæðinu. Húsnæðið er vel hannað fyrir íbúana, en þrátt fyrir það hafa margir gallar komið upp. Deildarstjórinn*

segir frá því að það hefði verið hægt að koma í veg fyrir marga þeirra ef með í ráðum við hönnun húsnæðisins hefði verið fagfólk með þekkingu á þessum málaflokk. Notendaráð hvetur sveitarstjórn Norðurbings, þegar næsti íbúðarkjarni verði byggður, að tryggt verði að fá ráðgjöf og hugmyndir frá Notendaráði og starfsmönnum m.a. frá Félagsþjónustu Norðurbings.

Fundi slitið klukkan 15:15.

Jóna Rún Skarphéðins  
Karólína Kr. Gunnlaugsd.,  
Hermína Hrífarsdóttir  
Aina V. Þóris  
Rebekka Ásgeirsdóttir.